

## Starfsþróunarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands Starfsreglur

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Starfsþróunarsjóður Sjúkraliðafélags Íslands og er með heimili og varnarþing í Reykjavík. Sjóðurinn starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í þessum reglum.

### 2. gr.

Tilgangur og markmið sjóðsins er annars vegar að efla starfsþróun sjúkraliða með það fyrir augum að þeir verði færari til að takast á við sífellt fjölbreyttari verkefni og hins vegar að auka möguleika stofnana á að þróa starfsvið sitt þannig að það samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til stofnana á hverjum tíma. Markmiði sínu hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja sjúkraliða til frekari menntunar og starfsþróunar og stofnanir ríkisins til framþróunar á sama grunni. Einnig styrkir sjóðurinn fræðslu- og þróunarverkefni hjá þeim aðilum og stofnunum sem að sjóðnum standa og fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur. Um styrkúthlutanir fer eftir nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur fulltrúum Sjúkraliðafélags Íslands og tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis. Varamenn í stjórn skulu vera tveir, einn frá hvorum aðila. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að vera henni fylgjandi. Firmaritun sjóðsins er í höndum allrar stjórnar sameiginlega en prókúruhafi umsýsluadila fer með prókúru fyrir sjóðinn í samræmi við þjónustusamning og úthlutunarreglur sjóðsins. Stjórn ákveður starfshætti sína að öðru leyti.

### 4. gr.

Sjóðurinn er fjármagnaður með iðgjöldum sem launagreiðandi greiðir til sjóðsins vegna hlutaðeigandi starfsmanna samkvæmt ákvæðum í kjarasamningum hverju sinni. Sjóðurinn skal ávaxtaður á þann hátt sem sjóðsstjórn telur öruggast og hagkvæmasta á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um daglega umsýslu hans, þar á meðal bókhald.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu liggja fyrir í síðasta lagi í apríl ár hvert og skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum sem stjórn sjóðsins fær til verksins. Ársskýrsla og reikningar sjóðsins skulu árlega kynnt hlutaðeigandi aðilum.

### 6. gr.

Um önnur ónefnd atriði vísast til kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra og Sjúkraliðafélags Íslands sem í gildi er á hverjum tíma. Breytingar á reglum þessum skulu hljóta samþykki kjarasamningsaðila.

Reykjavík 28. júní 2019

Stjórn Starfsmenntasjóðs Sjúkraliðafélags Íslands

Sandra Bryndísardóttir Franks  
Einar Mar Þórðarson  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir  
Stefanía Sigríður Bjarnadóttir  
Aldís Magnúsdóttir  
Kristín Ólafsdóttir